

Nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri í síma 842 5800

Starfsmaður mötuneytis ½ stöðugildi.

Aðstoða við almenn störf í mötuneyti Skaftárhrepps samkvæmt fyrirmælum og tilsögn matráðs. Sjá um framreiðslu, aðstoð við matseld, þrif og skúringar á eldhúsi og matsal ásamt fl. Í samráði við yfirmann.

Menntun og hæfniskröfur:

- Þjálfun í gæða- og hollustuháttum við framleiðslu- og dreifingu matvæla
- Reynsla á þessu sviði æskileg
- Færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

Laun eru skv. kjarasamningi sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 29. september nk.

Atvinnuráðgjafi og verkefnastjóri.

Vinna verkefni sem snýr að atvinnumálum í sveitarfélaginu í samstarfi við SASS og önnur þau verkefni sem til fellur í verkefnum tengdri ferðapjónustu, uppbyggingu ferðamannastaða ofl.

Nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri.

Umsóknarfrestur er til 29. september nk.

Starfsmaður áhaldahúss.

Leitað er eftir forstöðumanni áhaldahúss.

Stýring á viðhaldsverkefnum, umhirðu og öðru sem til fellur.

Æskilegt er að einstaklingurinn sé með iðnmenntun.

Nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri.

Umsóknarfrestur er til 29. september nk.

Kennarastöður:

Leitað er eftir kennurum sem geta tekið að sér kennslu í verkgreinum, stærðfræði og náttúrufræði, upplýsinga- og tæknimentun á mið og efsta stigi auk almennra bóklegra greina. Einnig eru lausar stöður íþróttakennara og sérkennara.

Hæfinskröfur:

- Leyfisbréf til kennslu á grunnskólastigi eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Leikni í mannlegum samskiptum og virðing fyrir nemendum og samstarfsfólki
- Stundvísi frumkvæði og sjálfstæði
- Góð íslenskukunnátta skilyrði
- Faglegur metnaður
- Áhugi og hæfni til að starfa með samhentum hópi starfsmanna og stjórnenda og taka þátt í frekari starfsþróun.
- Góð tölvukunnátta og góð þekking á námsumhverfinu Infomentor
- Starfsreynsla af kennslu í grunnskóla Einnig eru lausar stöður íþróttakennara og sérkennara



LIFANDI SKÓLASTARF

Lausar stöður stuðningsfulltrúa og skólaliða á komandi skólaári 2023-2024.

Menntunar og hæfniskröfur

- Kostur að hafa lokið námi sem stuðningsfulltrúi/skólaliði
- Reynsla af störfum með börnum
- Góð færni og jákvæðni í samskiptum
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð og stundvísi
- Góð íslenskukunnátta
- Flekklaus starfsferill og hreint sakavottorð

Kirkjubæjarskóli á Síðu óskar eftir að ráða stuðningsfulltrúa. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Um er að ræða tvær 50% eða eina 100% stöðu.

Stuðningsfulltrúi er kennara til aðstoðar við að sinna nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð. Starfið miðar fyrst og fremst að því að auka færni og sjálfstæði nemenda, félagslega, námslega og í daglegum athöfnum.

Einnig eru lausar tvær stöður skólaliða, starfshlutfall 80-100% eða eftir samkomulagi.

Skólaliði tekur þátt í uppeldisstarfi og öðrum störfum sem fram fara innan skólans. Megin áhersla er lögð á velferð og vellíðan nemenda. Hann sér um að halda húsnæði og skólalóð hreinni.

Launkjör fara eftir samningum Sambands Íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.



LEIK SKÓLA KENNARI

Laus eru til umsóknar staða leikskólakennara í fullt starf við leikskólann Kærabæ Kirkjubæjarklaustri.

Heilsuleikskólinn Kærabær er tveggja deilda leikskóli með heilsdagsrými fyrir börn á aldrinum eins til sex ára. Í leikskólalunum Kærabæ er áhersla lögð á að draga úr umfangi sorps, og að virðing fyrir umhverfinu verði sjálfsagður þáttur í öllu starfi leikskólans.

Vakin er athygli á því að ef ekki fæst leikskólakennari kemur til greina að ráða annað háskólamenntað fólk eða leiðbeinendur. Með umsókn skal fylgja ferilskrá, meðmælendur og afrit af leyfisbréfi auk sakavottorðs. Leikskólastjóri áskilur sér rétt til að hafna umsóknum sem ekki uppfylla þau skilyrði sem til þarf. Hvetjum bæði karla og konur til að sækja um skemmtilegt starf.

Menntunar og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun
- Góð íslenskukunnátta nauðsynleg
- Hæfni í mannlegum samskiptum og frumkvæði í starfi.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Stundvísi og góð ástundun
- Hreint sakavottorð



NEYÐAR KALL

Vegna óviðráðanlegra orsaka vantar okkur starfsfólk strax.

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar leitar eftir hressu og duglegu starfsfólki til að starfa með okkur við umönnun aldraðra.

Í boði er skemmtilegt og gefandi starf við umönnum aldraðra.

Menntunar og hæfniskröfur

- Góðir samskiptahæfileikar og jákvæðni
- Starfsmaður þarf að hafa náð 18 ára aldri
- Stundvísi og metnaður í starfi
- Reynsla í umönnum er mikill kostur
- Góð íslenskukunnátta